

### Íslenska 3. bekkur

Kennari: Aníta Þorgerður Tryggvadóttir

Góð kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða góðrar menntunar. Lestur er öflugasta tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti forsenda virkrar þátttöku í samfélaginu. Meginmarkmið með íslenskunámi er að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til málsins og nái góðu valdi á því. Þeir þurfa að fá ríkuleg tækifæri til að kynnst áhrifamætti þess og margbreytileika. Miklu skiptir að nemendur átti sig á hve mikilvæg íslenskan er fyrir hugsun þeirra, sjálfsmýnd og framtíð í námi og starfi í Lýðræðisþjóðfélagi.

Öll kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 eru hæfniviðmið í íslensku sett fram í fjórum flokkum: Talað mál, hlustun og áhorf; Lestur og bókmenntir; Ritun og Málfræði. Á blaðsíðum 96-105 í 19. kafla aðalnámskrár, sem fjallar um íslensku, má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir við lok 4. 7. og 10. bekkjar. Sjá: [http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli\\_greinanamskrar\\_netutgafa\\_2013.pdf](http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf)

#### Kennsluhættir

*Lestur og bókmenntir:* Markmið lestrarkennslunnar er að auka leskraða nemenda, efla lesskilning þeirra, orðaforða og áhuga á lestri. Nemendur kynnist hugtökum eins og aðalpersóna, aukapersóna, söguhetja og fleiri hugtökum tengd bókmenntum. Nemendur kynnist og þjálfast að nota einfaldar fræðibækur. Kennari leggur áherslu á að hvetja nemendur til að lesa sem mest sér til gagns og gamans. Mikilvægt er að foreldrar örvi börnin í lestri, hlusti á þau lesa heima a.m.k. 5x í viku, lesi daglega fyrir þau og ræði efni og innihald textanna bæði sem börnin og foreldrarnir lesa. Sögustundum, umræðum um lesna texta og ferðum á bókasafnið er m.a. ætlað að efla bókmenntaáhuga nemenda.

Lestur er meginundirstaða allrar menntunar og eitt öflugasta tækið til þekkingaröflunar, tjáningar í ræðu og riti og forsenda virkrar þátttöku í samfélaginu. Með þetta að leiðarljósi vinnum við ýmis verkefni bæði í tímum og heima fyrir.

*Talað mál, hlustun framsögn og áhorf:* Börnin taka þátt í umræðum í bekknum og segja frá eigin brjósti. Um leið þjálfast þau í hlustun því þau þurfa að sýna kurteisni og tillitssemi og hlusta á þann sem er með orðið hverju sinni. Þau þjálfast í hlustunarskilningi m.a. með því að svara spurningum um efnisinnihald texta sem lesinn er fyrir þau. Einnig eru nemendur hvattir til umræðna um tiltekið efni þar sem nemendur rökræða og þurfa að gera grein fyrir sinni skoðun. Einnig er frjáls umræða um ýmis málefni sem þykir henta í hvert sinn. Lögð er áhersla á skýran framburð og fjölbreyttan orðaforða. Nemendur fá leiðsögn í framsögn og uppsetningu verkefna. Börnin fá leiðsögn um að beita skýrum framburði þegar þau eru að tjá sig, flytja ljóð, vísur, þulur og lesa upphátt. Börnin fá tækifæri til að lesa eigin sögur og aðra ritun upp fyrir bekkjarfélagana. Þau taka þátt í söngstund þar sem þau þjálfast í tjáningu og hlustun á tónlist. Þau æfast í leikrænni

tjáningu og fá tækifæri til að koma fram fyrir aðra m.a. í skólaútvarpinu og á jóla- og vorhátíðum. Á hátíðunum horfa þau líka á skólafélaga sína sýna söng- og/eða leikatriði. Börnin spila og hlusta á samnemendur sína í 2.- 4. bekk spila á jóla- og vortónleikum tónlistarskólans. Börnin taka þátt í að sýna og segja frá. Þá koma þau með einn hlut að heiman og kynna hann fyrir bekkjarfélögum sínum.

*Málfræði:* Nemendur læra grunnhugtök málfræðinnar eins og; sérhljóði, samhljóði og tvíhljóði. Farið er í nafnorð, lýsingarorð, sagnorð, andheiti og samheiti, sérnöfn og samnöfn. Ýmis munnleg og skrifleg verkefni sem og leikir, sem eru samofin öðrum þáttum íslenskukennslunnar, er nýtt til að kenna nemendum málfræðihugtök. Reynt er að hafa verkefni fjölbreytt til að gera nemendur að betri málnotendum og auka áhuga þeirra á íslenskri tungu.

*Ritun:* Nemendur þurfa að geta byggt upp sjálfstæða frásögn út frá persónulegri reynslu auk þess að geta skáldað upp atburð sem inniheldur inngang, meginmál og endi. Eins er farið í ljóðagerð með nemendum. Lögð er áhersla á að nemendur dragi rétt til stafs, vandi frágang í allri verkefnavinnu og þekki einfaldar stafsetningarreglur. Börnin skrifa sögur í sögubók einu sinni í mánuði í heimavinnu en oftast í skólanum.

### **Námsgögn**

Ýmsar lestrar- vinnu- og skrifarbækur sem hæfa aldri og getu s.s Ritrún 2-3, Ítalíuskript, Ás, Tvistur, Lesrún, Þulur og ljóð til kennslu 3.b., ýmis ljósrit og fleira efni frá kennara.

### **Námsmat**

Lykilhæfni nemenda metin jafnt og þétt í allri vinnu sem fram fer í kennslustofunni ásamt þeim verkefnum sem nemandinn á að sinna sjálfur heima. Á annarskilum er þekking og leikni nemenda metin með prófum eða með mati á þeim verkefnum sem þeir hafa unnið.